

EFTIRLITSSKÝRSLA

Þingeyjarsveit (áður Skútustaðahreppur) Kollóttaalda á Hólasandi



Dags eftirlits	10.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Þingeyjarsveit (áður Skútustaðahreppur)	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Hlíðarvegur 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6002691009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ingimar Ingimarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit. Í eftirliti nú var staðfest að ljúka megi opnu fráviki sem opið var, varðandi úrgangshaug inn á urðunarstaðnum. Engin starfsemi fer fram né hefur farið fram á urðunarstað og hefur rekstraraðili sótt um niðurfellingu starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með urðunarstað Þingeyjarsveitar við Kollóttaaldu á Hólasandi í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið var gefið út þann 3. nóvember 2021 og er gildistími þess til 3. nóvember 2037. Umfang starfseminnar miðaðist við urðun á 370 tonnum á ári af óvirkum, meðhöndluðum úrgangi og takmarkaðist uppruni við fyrrum Skútustaðahrepp.

Umfang eftirlitsins er eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Úrbætur á frávikum
- Farið yfir starfsleyfið
- Önnur mál
- Skoðunarferð á urðunarstað

1. Samkvæmt rekstraraðila hefur engin urðun farið fram við Hólasand og hefur starfsemi þar aldrei hafist síðan starfsleyfið var gefið út. Þann 6. mars árið 2023 var sótt um niðurfellingu starfsleyfis.

2. Óverulegu magni úrgangs hefur verið komið fyrir inni á urðunarstað og var fyrst sett frávik þess efnis í eftirliti 2023, þ.e. vegna úrgangs sem ekki féll að móttökuskilyrðum urðunarstaðar. Sveitarfélagið lagði fram úrbótaáætlun sem þá var samþykkt þar sem áformað var að fjarlægja úrganginn af staðnum og fara með hann í viðeigandi förgun, ekki stöðust þær tímaáætlanir og því ekki hægt að loka frávikinu. Árið 2024 var enn ekki hægt að loka frávikinu þar sem enn var til staðar úrgangur á staðnum, auk virks úrgangs. Við eftirlit nú var staðfest að búið er að fjarlægja allan úrgang af staðnum og voru einungis eftir minniháttar jarðefnishaugar, er frávikinu því lokað.

3. Árið 2021 var gefið út starfsleyfi fyrir rekstraraðila, en þar sem engin starfsemi hefur farið fram hafa því skráningar ekki farið fram né hefur engin vöktun átt sér stað.

4. Rekstraraðili lagði fram gögn vegna lokunaráætlunar urðunarstaðar í erindi til Umhverfisstofnunar þann 15. desember 2023. Urðunarstaður tilheyrði áður Skútustaðahreppi en nú Þingeyjarsveit. Verður lagt mat á lokunaráætlun út frá fyrirliggjandi gögnum og verða unnin drög að lokunarfyrirmælum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Margrét Viðarsdóttir